

RAMBÓ 7
ÖRFÁ SÆTI LAUS Í KVÖLD!

Stóra sviðið kl. 20:00
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR – H.C Andersen
Í dag sun. 22/5 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 28/5 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 5/6 kl. 14:00. Síðustu sýningar í vor.

EDITH PIAF – Sigurður Pálsson
Í kvöld sun. 22/5 uppselt. Síðasta sýning í vor.

DÍNAMÍT – Birgir Sigurðsson
8. sýn. fim. 26/5 örfá sæti laus, 9. sýn. fös. 3/6, 10. sýn. lau. 11/6, 11. sýn. sun. 12/6.

PETTA ER ALLT AÐ KOMA – Hallgrímur Helgason/Leikgerð Baltasar Kormákur
Fös. 27/5 nokkur sæti laus, lau. 28/5, lau. 4/6 nokkur sæti laus, fim. 9/6, fös. 10/6. Aðeins örfáar sýningar vegna fjölda áskorana.

MÝRARLJÓS – Marina Carr
Sun. 29/5. Allra síðasta sýning

Litla sviðið kl. 20:00
KODDAMAÐURINN – Martin McDonagh
Mið. 25/5 nokkur sæti laus, fim. 26/5 örfá sæti laus. Síðustu sýningar í vor. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin.

Smiðaverkstæðið kl. 20:00
RAMBÓ 7 – Jón Atli Jónsson
Í kvöld sun. 22/5 örfá sæti laus, fös. 27/5, lau. 28/5

Valaskjálfi Egilsstöðum:
EDITH PIAF Á AUSTURLANDI – söngdagskrá
Mið. 1/6 kl. 20:00, fim. 2/6 kl. 20:00. Miðasala á Bókasafni Héraðsbúa.
Ópið alla virka daga frá kl. 14-19. Sími 471 1546

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
Ópið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur

HÉRI HÉRASON snýr aftur -
Fyndið - ferskt - fjörugt - farsakennt

Stóra sviðið
99% UNKNOWN - Sirkussýning
CIRKUS CIRKÓR FRÁ SVÍÞJÓÐ
Þri 14/6 kl 20, Mi 15/6 kl 20,
Fí 16/6 kl 20, Fö 17/6 kl 20
Aðeins þessar sýningar

25 tímar - Dansleikhús/samkeppni
LR og ÍD í samstarfi við SPRON
Fí 9/6 kl 20 - kr. 2.500
Einstakur viðburður

DRAUMLEIKUR eftir Strindberg
Samstarf: Leiklistardeild LHÍ
Fö 27/5 kl 20
Síðasta sýning

Nýja svið, Litla svið og þriðja hæðin
THE SUBFRAU ACTS – GESTALEKSÝNING
The paper Mache og Stay with me
Fí 26/5 kl 20,
Fö 27/5 kl 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur
Í kvöld kl 20, Fí 26/5 kl 20 - **UPPSELT**,
Fö 27/5 kl 20, Lau 28/5 kl 20,
Su 29/5 kl 20, Fí 2/6 kl 20,
Fö 3/6 kl 20

BÖRN 12 ÁRA OG YNGRI FÁ FRÍT Í BORGARLEIKHÚSIÐ Í FYLGD FULLORÐINNA
- gjldir ekki á barnasýningar!

Miðasalan er opin: Mánud. og þriðjud. 10:00-18:00, mið-, fim- og föstudaga: 10:00-20:00, laugar- og sunnudaga: 12:00-20:00
Miðasölusími 568 8000 - miðasala á netinu: www.borgarleikhus.is

**Setið um
Leníngrad**

Á fimmtudaginn fá gestir Sinfóníunnar að hlýða á hádramatíska tónlist. Fá tónverk orka jafn sterkt á hlustendur og ADAGIO BARBERS og hefur verkið hlotið þann sess að vera óopinber sorgartónlist Bandaríkjanna. LENÍNGRAD-SINFÓNÍAN er margbrotin heimild um viðsjárverða tíma og flókna stöðu viðkvæms tónskálds í hringiðu atburðanna.

Rauð tónleikaröð #7 | HÁSKÓLABÍÓI, FIMMTUDAGINN 26. MAÍ KL. 19.30

Hljómsveitarstjóri ::: Rumon Gamba
Samuel Barber ::: Adagio fyrir strengi, op. 11
Dímítrí Sjostakovítsj ::: Sinfónía nr. 7 „Leningrad“

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
Háskólabíói við Hagatorg | Sími 545 2500 | sinfonia@sinfonia.is | www.sinfonia.is

GERDUBERG

Stefnumót við safnara II
Í dag kl. 15
Þrá, innhvörf, endurnýjun,
losti og dauði: Fimm sýni úr lífi
safnara. Oddný Eir Ævarsdóttir,
heimspekingur og mannfræðingur
flytur erindi

Aðgangseyrir kr. 500
(kaffi/te innifalið)

Í dag kl. 16 - Bíó
Godzilla, Mothra, King Ghidorah
Ókeypiss aðgangur!

REYKJAVÍKUR AKADEMÍAN

Lóa Guðjónsdóttir sýnir
vatnslita- og olíuverk í Boganum

www.gerduberg.is

Uppsalar
BAR & CAFE

Aðalstræti 16 | Sími 514 6000

HUGLEIKUR

sýnir
**ENGINN MEÐ
STEINDÓRI**
- fjölskyldusplatter
í Möguleikhúsinu
í kvöld kl. 20.00.
Föstud. 27. maí kl. 20.00.
Laugard. 28. maí kl. 20.00.

Síðustu sýningar!
Miðasala í s. 551 2525
og á www.hugleikur.is
Sýningin hentar ekki börnum.

**ALLRA
KVÍKINDA
LÍKI**

Unnið upp
úr VÍZ

Leikstj. Guðjón Þorsteinn
Pálmarsson og Hrunn Ólafsdóttir

„... Frábærlega vel útfærð og
alveg myljandi myndin.“ P.T. Mbl.

„... tveimur orðum sagt migandi
myndin [sýning]“ Á.G. leiklist.is

SÍÐASTA SÝNING
Sun 22/5 kl. 20

LEIKFÉLAG KÓPAVOGS
midasala@kopleik.is
s: 5541985
Stranglega bannað börnum

Dieter Roth

AF LISTUM



Jóhann Hjálmarsson

Dieter Roth sem einnig skrifaði sig Diter Rot er í öndvegi á Listahátíð að þessu sinni og gefst kostur á að kynna sér list hans að gagni. Margir minnst hans frá Íslandsárum. Í fyrstu fór lítið fyrir honum. Hann var mjög hlédrægur í byrjun, fór aðrar leiðir en íslenskir listamenn. Helst vann hann fyrir sér með að teikna bókakápur sem ekki voru beinlínis söluvænar. Á tímabili myndskreytti hann sögur fyrir Lesbók. Hann var sístarfandi. Þótt hann héldi ekki sýningar var hann sífellt að. Hann skar sig m.a. úr með að gera bókverk sem stundum þóttu verða til fyrir tilviljun. Hann vandi komur sínar í prentsmiðjur og fékk þar ýmislegt sem var afgang, renninga og gallaðar prentanir, skar þetta til og gerði einkennilegar bækur úr. Aðdáendur þessa voru fáir en þó voru þeir til.

Einu sinni þegar ég spurði Dieter hvers vegna hann hrósaði eigin verkum var svarið: „Það gera það engir aðrir.“


Frægð Dieters kom að utan, einkum með dvöl hans í Bandaríkjunum. En þeir framúrstefnulistamenn voru fáir sem hann þekkti ekki eða kannaðist við.

Hann lagði stund á konkretljóðagerð sem var nær óþekkt hér á landi á sjúnda áratugnum. Menntu vissu ekki hvort konkretljóðagerðina átti að meta sem ljóðlist eða myndlist.

Það skipti Dieter ekki máli. Dieter sá um útlit eina tölublaðs Birtings. Fleiri hneyksluðust en glöddust.

Á listina leit Dieter oft sem dót eða drasl og var það ekki til að heilla áhugamenn um myndlist eða málara.

Ég býst við að málara hafi litid á hann sem myndbrjót því að staðreyndin var sú að jafnvel dæmigerð afstraktlist, óhlutbundin list var oft ströng í formi



Ljósmynd/Pétur Kristjánsson

Á listina leit Dieter Roth oft sem dót eða drasl og var það ekki til að heilla áhugamenn um myndlist eða málara.

„Alltaf var hann samur og jafn. Hógværð hans og hlédrægni hurfu ekki.“

og kannski hefðbundin innst inni. Ekki má gleyma því að Dieter vann einnig að listmunum og eru sumir þeirra eftirminnilegir.

Það var ólíkt Dieter að krefjast þess að listin færi eftir ákveðnum reglum og kröfum og hann gat metið list sem ekki var í hávegum. Næfir listamenn áttu hug hans og ýmsir sem létu tilviljunina ráða. Hliðarspor í listum voru því í upphaldi.

Dieter var ekki sýrrealisti en sýrrealistarnir vildu að list væri sköpuð af öllum og undir það gat Dieter tekið.

Það sem hann snerti á varð að list, jafnvel bókahillur gerðar úr trékössum úr Ríkinu þótt ekki þættu til þróði á heimilum. Hann vann að því að fá fólk til að endurskoða hug sinn og hafði engar áhyggjur af frægðinni. Ef-

laust vissi hann að hún myndi koma einn daginn eins og raunin varð á.

Segja má að sumt eftir Dieter nái seint til nýjenda listar en allt eftir hann vekur til umhugsunar, fellur ekki í venjubundið far.

Eftir að Dieter varð heimsfrægur kom hann oft til Íslands og átti hér hús, bæði í Mosfellsbæ og á Snæfellsnesi. Hann leit á ferðirnar hingað sem hressingu, hvíld. Lífið erlendis átti sína skugga og reyndi á heilsu Dieters sem lagði hart að sér.

Alltaf var hann samur og jafn. Hógværð hans og hlédrægni hurfu ekki.

Hann var löngum önnum kafinn við að styrkja aðra og örva og gat unnið með listamönnum sem margir hverjir geta naumast talist til þeirra fremstu. En Dieter mat viðleitni þeirra.

Áhrif hans á íslenska listamenn verða ekki talin hér en þau skiptu máli fyrir þróun íslenskrar listar, gerðu hana alþjóðlegri og dirfskufyllri.

johj@mbl.is

Leikfélag Húsavíkur
sýnir
SAMBÝLINGA
eftir Tom Griffin
í Bæjarleikhúsinu
MOSFELLSBÆ

Föstudaginn 27. maí kl. 20
Laugardaginn 28. maí kl. 14
Laugardaginn 28. maí kl. 18

Aðeins þessar þrjár sýningar
Miðapantanir í síma 464 1129

AUGLÝSINGAÐEILD
netfang: augl@mbl.is eða sími 569 1111

Helga Bryndís á tónleikum í Nýheimum

TÓNLEIKAR
verða í Nýheimum í dag kl. 16.00. Þeir eru samstarfs-tónleikar Félags íslenskra tónlistarmanna (FÍT), Menningar- miðstöðvar Hornafjarðar, Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu og



Helga Bryndís Magnúsdóttir

Listvinasjóds Hornafjarðar. Á tónleikum mun Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari flytja verk eftir Schumann og Chopin. Tveir nemendur Tónskólans munu einnig koma fram á tónleikum, þær Þórhildur Rán Torfadóttir sem leikur á flautu og Hrefna Rún Kristinsdóttir sem leikur á tenór-saxófon.

Aðgangseyrir á tónleikana er 1000 kr.